

## **Pakkar frá útlöndum**

### **Stærðarmörk**

Uppgefin stærðar- og þyngdarmörk til UPU (Alþjóðapóst sambandið) á pakkasendingum til Íslands eru eftirfarandi:

Hámarksþyngd: 30 kg

Hámarkslengd: 1,5 m

Hámarkslengd + ummál: 3 m

Ísland tekur ekki við brothættum sendingum.

Geymslutími sendinga er almennt 30 dagar. EPG pakkar 14 dagar og DPD sendingar 7 dagar. Eftir þann tíma eru sendingar endursendar.

Skilmálar á móttöku pakkasendinga í sendilöndum getur verið innan okkar stærðarmarka og því geta þau neitað að taka á móti sendingum skv. ofangreindum mörkum. T.d. tekur USPS (bandaríska pósthjónustan) einungis eftirfarandi stærðar- og þyngdarmörk:

Hámarksþyngd: 30 kg

Hámarkslengd: 1,05 m

Hámarkslengd + ummál: 2 m

Sendingargjald er einnig innheimt af öllum gjaldskyldum sendingum og er það 600 kr. fyrir sendingar utan Evrópu og 400 kr. fyrir sendingar innan Evrópu

### **Póstbox**

Mögulegt er fyrir viðtakanda pakka frá útlöndum (vara keypt af netverslun) að fá hana afhenta í Póstbox. Viðtakandi skal skrá sig áður á minn.postur.is og þar inni skulu tollatengd gjöld greidd eftir að sending kemur til landsins svo að hægt sé að afhenda hana í Póstbox. Viðtakandi fær tilkynningu frá Innflutningsdeild Póstsins ef það vantar reikning fyrir tollmeðhöndlun og þegar hægt er að greiða gjöldin.

Greiðslukortanúmer eru ekki vistuð. Sýndarnúmer korts helst inni en hægt er að eyða því út af síðunni eftir hverja færslu.

### **Afhending í Póstbox**

Miðast við að gjöld hafi verið greidd.